

## Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 25. mars 2013 í máli nr. E-1867/2012:

**LBI hf.**

*(Jóhannes Sigurðsson hrl.)*

**gegn**

**Tass Wertpapierhandelsbank GmbH**

*(Kári Hólmar Ragnarsson hdl.)*

**Kreissparkasse Köln**

*(Atli Björn Þorbjörnsson hdl.)*

Mál þetta, sem þingfest var 29. maí 2012, var tekið til úrskurðar mánudaginn 4. mars 2013 að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu aðalstefnda, TASS Wertpapierhandelsbank GmbH, Am Untertor 4, Skorpionhaus, Hofheim am Taunus, Þýskalandi, og varastefnda, Kreissparkasse Köln, Neumarkt 18 - 24, Köln, Nordrhein-Westfalen 50602, Þýskalandi. Stefnandi, LBI hf., áður Landsbanki Íslands hf., Austurstræti 16, Reykjavík, krefst þess að kröfu stefnda um frávísun verði hafnað. Allir aðilar krefjast málskostnaðar.

*Yfirlit yfir efnishlið málsins*

Í málinu hefur stefnandi uppi þær efniskröfur að staðfest verði með dómi riftun á greiðslu stefnanda, sem þá bar heitið Landsbanki Íslands hf., til aðalstefnda hinn 26. júní 2008, að fjárhæð 944.534,25 evrur, vegna skuldabréfaeignar hans að nafnverði 1.000.000 evrur úr skuldabréfaflokki sem var með gjalddaga 21. desember 2009 og var gefinn út af Landsbanka Íslands hf. og skráð sem LI FRN 21/12/09 og með ISIN númer XS0208211911. Jafnframt krefst stefnandi þess að aðalstefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 944.534,25 evrur með dráttarvöxtum samkvæmt 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 12. febrúar 2011 til greiðsludags. Verði ekki fallist á kröfur stefnanda gegn aðalstefnda hefur stefnandi uppi sömu kröfur gegn varastefnda. Í efnispætti málsins krefjast stefndu sýknu en til vara að stefnukröfur verði lækkaðar.

Í stefnu er því lýst að með útgáfulýsingu 17. desember 2004 hafi Landsbanki Íslands hf. boðið fjárfestum til sölu skuldabréf útgefin af honum í flokki sem var auðkenndur LI FRN 21/12/09 og með ISIN númer XS0208211911. Skuldabréfin hafi verið gefin út á grundvelli samninga sem bankinn hafði gert við Deutsche

Bank AG og Deutsche Bank Luxembourg S.A. Samkvæmt útgáfulýsingunni hafi skuldabréfið verið selt til fjárfesta með áskriftarfyrirkomulagi. Heildarbréf (e. Global Note) hafi verið gefið út af stefnanda og það sett til miðlunar í kerfum Euroclear bank S.A./N.V. Fyrst hafi verið gefið út tímabundið bréf (e. Temporary Global Note) 21. desember 2004, en því svo skipt út fyrir varanlegt bréf (e. Permanent Global Note) frá og með 31. janúar 2005. Skuldabréfið (e. Global Note) hafi fjárfestir fengið afhent í samræmi við hlutfall fjárfestingarloforðs hans í heildar skuldabréfaútgáfunni. Skuldabréfin hafi verið handhafabréf (e. Bearer Form). Vaxtamiðar (e. Coupons) hafi gefnir út samhliða skuldabréfunum. Samkvæmt útgáfulýsingu hafi skuldabréfaflokkurinn í heild numið 500.000.000 evrum. Staðfesting Euroclear eða Clearstream fyrir eignarhaldi fjárfestis skyldi tekin sem sönnun á handhafarétti. Við ákveðin skilyrði hafi verið mögulegt að skipta skuldabréfunum (e. Permanent Global Note) fyrir endanlegt handhafabréf (e. Definitive Notes). Þau bréf hafi verið gefin út í 1.000.000 evra einingum. Uppgreiðsluheimild til handa útgefanda, þ.e. Landsbanka Íslands hf., hafi ekki verið til staðar. Vaxtagreiðsludagar hafi verið skilgreindir fjórir á ári, 21. mars, 21. júní, 21. september og 21. desember. Gjaldalagi hafi átt að vera 21. desember 2009. Skuldabréfin hafi ekki verið skráð á skipulagðan verðbréfamarkað.

Hinn 5. ágúst 2008 hafi Landsbanki Íslands hf. greitt upp skuld við aðalstefnda samkvæmt framangreindum skuldabréfum þótt ekki væri komið að gjalddaga þeirra. Greiðslan hafi verið innt af hendi til varastefnda en aðalstefndi komið á viðskiptunum. Samkvæmt gögnum stefnanda hafi viðskiptadagur verið 23. september 2008 og greiðslan átt sér stað þann 26. september 2008. Stefnandi vísar einnig til upplýsinga frá varastefndu um að varastefndi hafi eingöngu komið fram sem milligönguáðili í viðskiptunum. Af þessu megi ráða að aðalstefndi hafi verið sá sem naut téðrar greiðslu Landsbanka Íslands hf. en að öðrum kost hafi það verið varastefndi. Í stefnu er einnig lýst þróun fjármálamarkaða og stöðu Landsbanka Íslands hf. fram á haustið 2008 sem lyktaði með því að Fjármálaeftirlitið tók yfir starfsemi bankans 7. október 2008 með vísan til 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þá er í stefnu gerð grein fyrir því þegar Landsbanki Íslands hf. var tekin til slita samkvæmt ákvæðum laga nr. 161/2002 og aðgerðum slitastjórnar við riftun þeirra greiðslna sem áður er lýst.

Stefnandi byggir málaltilbúnað sinn í meginatriðum á því að Landsbanki Íslands hf. hafi með framangreindum greiðslum greitt skuld við aðalstefnda eða varastefnda fyrr en eðlilegt hafi verið á sama tíma og bankinn hafi verið ógjaldfær. Ekki hafi verið komið að gjalddaga þeirra og uppgreiðsluheimild hafi ekki verið fyrir hendi. Við greiðslurnar hafi réttindi og skyldur samkvæmt skuldabréfunum farið á eina hendi og skuldabréfakröfurnar fallið niður. Því séu greiðslurnar riftanlegar á grundvelli 134. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Greiðsla skuldar, fyrr en nauðsynlegt hafi verið að greiða og með takmörkuðu lausafé bankans, hafi ekki getað verið venjuleg eftir atvikum eða eðlileg ráðstöfun, með hliðsjón af stöðu bankans og íslenska fjármálamarkaðarins.

#### *Málsástæður og lagarök aðila í frávísunarþætti málsins*

Aðalstefndi byggir frávísunarkröfu sína í fyrsta lagi á því að frestur til málshöfðunar samkvæmt 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 1. gr. laga nr.

146/2011, hafi verið liðinn. Óumdeilt sé að kröfulýsingafresti í slitameðferð stefnanda hafi lokið 30. október 2009. Með vísan til þess hafi málshöfðunarfresti lokið 30. apríl 2012. Stefna málsins hafi hins vegar verið birt 8. maí 2012. Aðalstefndi mótmælir því að sú stefna sem stefnandi lét birta í Lögbirtingarblaðinu 27. apríl 2012 sé sú stefna sem miða eigi við í málinu. Þá hafi skort á að skilyrði 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála fyrir birtingu með auglýsingu í Lögbirtingarblaði væri fullnægt. Sú staðreynd að unnt reyndist að birta stefnu fyrir varastefnda innan frests sýni að stefnandi hefði vel getað birt stefnu einnig fyrir aðalstefnda innan frestsins. Þar sem málið hafi ekki verið höfðað innan lögbundins málshöfðunarfrests beri að vísa því frá dómi.

Í annan stað byggir aðalstefndi á því að framlengingar á málshöfðunarfresti, sbr. nú síðast 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 1. gr. laga nr. 146/2011, hafi verið andstæðar stjórnلögum. Með þessum breytingum hafi reglum verið breytt með afturvirkum hætti í andstöðu við stjórnskipulega eignarréttarvernd og stjórnskipulega meðalhófsreglu sem hér hafi sérstaka þýðingu þar sem um sé að ræða erlenda aðila.

Í þriðja lagi byggir aðalstefndi á því að aðalstefndi eigi ekki varnarþing á Íslandi og málið sé utan lögsögu íslenskra dómstóla. Stefndi vísar til þess að samkvæmt almennum reglum svo og ákvæðum í útgáfulýsingu hefði varnarþing stefnda átt að vera á Englandi. Ákvæði 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. breytingarlög nr. 146/2011 sem tekið hafi gildi 25. október 2011, hafi því falið í sér afturvirka lagasetningu um viðskipti málsaðila sem að fullu hafi verið lokið við gildistöku breytingarlaganna. Slíkt brjóti gegn meginreglum stjórnskipunarréttar, sbr. einnig 27. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, og rétti stefnda til réttlátrar meðferðar fyrir dómi, sem honum sé tryggður með ákvæðum 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, sem og 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Stefndi telur einnig að að umrædd breytingarlög feli í sér breytingu á efnisreglum um riftun. Lögin brjóti í bága við lögmatar væntingar stefnda sem njóti verndar 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 10. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, sem og jafnræðisreglu með því að verið sé að hygla tilteknum aðilum, þ.e. slitastjórnnum, á kostnað annarra aðila. Samkvæmt þessu sé ekki hægt að byggja á 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 í þessu máli. Málið sé höfðað á röngu varnarþingi og af þeim sökum beri að vísa því frá dómi.

Í fjórða lagi byggir aðalstefndi á því að máltilbúnaður stefnanda sé óljós og vanreifaður og uppfylli ekki meginreglur einkamálaréttarfars um skýran og glöggan máltilbúnað, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Aðalstefndi bendir einkum á að stefnandi viðurkenni í stefnu að aðalstefndi hafi ekki tekið á móti neinum greiðslum 26. júní 2008 heldur hafi viðtakandi verið varastefndi. Algerlega sé óútskýrt hvers vegna kröfum sé beint að aðalstefnda sem eingöngu hafi verið skráður fyrir bréfunum í þeim tilgangi að miðla þeim fyrir varastefnda. Þá er á það bent að dómkrafa stefnanda vísi ekki til neinnar tiltekinnar riftunaryfirlýsingar. Að lokum bendir aðalstefndi á að stefnandi rökstyðji með ófullnægjandi hætti að efnisskilyrðum riftunar sé fullnægt. Samhengi skorti milli krafna, málsástæðna og framlagðra dómskjala og því beri að vísa málinu frá dómi að því er aðalstefnda varðar.

Varastefndi byggir kröfu sína um frávísun á því að íslenskir dómstólar hafi ekki lögsögu í málinu með sambærilegum rökum og aðalstefndi. Þá telur hann að málið hafi ekki verið höfðað innan málishöfðunarfresta þar sem stefnanda hefði verið ómögulegt að höfða mál innan þeirra fresta sem giltu fyrir gildistöku laga nr. 146/2011. Ekki hafi verið heimilt að hrófla við réttarstöðu og lögmatum væntingum varastefnda með því að höfða mál samkvæmt 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 1. gr. laga nr. 146/2011. Því beri að líta svo að málið sé of seint höfðað.

Stefnandi mótmælir málsástæðum stefndu um málið sé höfðað á röngu varnarþingi. Þá breyti varnarþingsregla 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002, sbr. lög nr. 146/2011, ekki íslenskum efnisrétti um riftun greiðslna. Með breytingarlögunum frá 2011 hafi verið innleidd meginregla EES réttar um að framkvæmd þrotaskipta fari fram á heimavarnarþingi þrotabús og eftir lögum þess ríkis.

Hvað varðar málishöfðunarfrestinn þá telur stefnandi að annað hvort eigi að miða málishöfðun gagnvart aðalstefnda við birtingu stefnu í Lögbirtingablaði 27. apríl 2012 eða líta svo á að málishöfðunarfrestur hafi ekki verið liðinn þegar stefna var birt. Miða eigi við að 30 mánaða málishöfðunarfrestur hafi byrjað að líða eftir lok kröfulýsingarfrests með hliðsjón af því hversu stórt þrotabúið sé og einnig þess að starfsemi Landsbanka Íslands hf. hafi verið flókin og í fleiri ríkjum. Þá hafi stefnandi þurft að óska eftir aðgangi að gögnum sem hafi verið í vörslu annarra. Stefnandi hafi einnig orðið að leita til endurskoðunarfyrtækis til rannsóknar á málefnum slitabúsins. Niðurstöður þeirrar rannsóknar hafi ekki legið fyrir fyrr en 3. mars 2010 og hafi það verið fyrstu upplýsingar sem slitastjórnin hafi fengið um um þær kröfur sem hér um ræðir. Sé litið til framangreinds hafi 30 mánaða málishöfðunarfresturinn ekki verið liðinn þegar stefna var birt gagnvart aðalstefnda 8. maí 2012.

Stefnandi telur að fyrir liggja skýr fordæmi Hæstaréttar Íslands um stjórnskipulegt lögmati 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002, sbr. lög nr. 146/2011, og beitingu hennar. Hann hafnar sjónarmiðum um að ákvæðinu verði ekki beitt samkvæmt orðum sínum eða að það sé að vettugi virðandi.

Stefnandi mótmælir málsástæðum aðalstefnda um vanreifun. Hann leggur áherslu á að fyrir liggja að aðalstefndi hafi tekið við ákveðinni greiðslu frá Landsbanka Íslands hf. Skilmerkileg grein sé gerð fyrir þeirri greiðslu í stefnu og einnig því hvers vegna kröfum sé beint að varastefnda verði talið að hann hafi verið viðtakandi greiðslunnar. Því er mótmælt að um sér að ræða misræmi í stefnu eða málalíbúnaði stefnanda að öðru leyti.

### *Niðurstaða*

Í máli þessu liggur fyrir að stefnandi óskaði eftir því 18. janúar 2012 við Sýslumanninn í Keflavík að hann hefði milligöngu um birtingu stefnu málsins fyrir tilteknum fyrirvarsmanni aðalstefnda í Þýskalandi og var sú beiðni send þýskum stjórnvöldum 20. sama mánaðar. Hinn 21. febrúar 2012 barst sýslumannsembættinu bréf þýskra stjórnvalda þess efnis að stefnan hefði ekki verið birt þar sem

fyrirsvarsmaður aðalstefnda væri ekki lengur sá sem tilgreindur væri í stefnu. Hinn 19. mars 2012 barst sýslumanni ný umsókn stefnanda um stefnubirtingu og var sú umsókn send þýskum stjórnvöldum 21. sama mánaðar. Hinn 21. maí 2012 barst staðfesting þýskra stjórnvalda um að stefnan hefði verið birt 8. maí 2012.

Í málinu liggur fyrir að stefna var birt í Lögbirtingablaðinu 27. apríl 2012. Sú stefna var hins vegar ekki þingfest við fyrirtöku málsins 29. maí 2012 heldur lögð fram síðar sem dómskjal í málinu. Sú stefna sem lögð var fram við þingfestingu málsins 29. maí 2012, og þá þingmerkt sem dómskjal nr. 1, var birt fyrirvarsmanni aðalstefnda 8. maí 2012 sem fyrr segir. Samkvæmt þessu, svo og með vísan til dóms Hæstaréttar Íslands 15. febrúar 2013 í máli nr. 74/2013, verður að leggja til grundvallar að stefna í máli þessu hafi ekki verið birt fyrr en 8. maí 2012. Hafa álitamál um lögmati birtingar umræddrar stefnu í Lögbirtingablaðinu 27. apríl 2012 því ekki þýðingu fyrir úrlausn málsins.

Með vísan til áðurgreinds dóms Hæstaréttar Íslands 15. febrúar 2013 verður hafnað málsástæðum stefnanda þess efnis að heimilt sé að miða frest samkvæmt 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 við annað og síðara tímamark en lok kröfulýsingarfrests. Samkvæmt þessu er það niðurstaða dómsins að mál þetta hafi verið höfðað gegn aðalstefnda eftir það tímamark sem kveðið er á um í 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 og áður greinir. Verður af þessari ástæðu fallist á kröfu aðalstefnda um frávísun málsins gagnvart honum. Er þá ekki þörf á því að taka afstöðu til annarra málsástæðna aðalstefnda viðvíkjandi frávísunarþætti málsins.

A

Samkvæmt 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 1. gr. laga nr. 146/2011, skal mál, sem slitastjórn höfðar til riftunar ráðstafana fjármálafyrirtækis undir slitum samkvæmt ákvæðum laganna, þingfest fyrir þeim héraðsdómi þar sem fyrirækið var tekið til slita skv. 3. og 4. mgr. 101. gr. laganna. Að mati dómsins verður ákvæðið ekki skýrt rýmkaði skýringu á þá leið að í því felist lagaskilaregla þess efnis að íslensk lög skuli gilda fortakslaust um þau mál sem slitastjórn höfðar. Ræðst það atriði af öðrum réttarheimildum sem ekki eru til umfjöllunar í þessum þætti málsins. Hins vegar hins vegar mælir ákvæðið fyrir um varnarþing án tillits til samninga eða sammingsákvæða þar að lútandi.

Í málinu liggur fyrir að með 2. lið 15. gr. útgáfuskilmála framangreinds alsherjarskuldaþréfs samþykkti útgefandi skuldabréfsins, í þágu handahafa þess, að dómstólar í Englandi hefðu lögsögu til að leiða allan ágreining til lykta sem kynni að rísa vegna eða í tengslum við skuldabréfið. Í ákvæðinu er ennfremur áréttað að útgefandi bréfsins afsali sér rétti til að mótmæla lögsögu enskra dómstóla við slíka málsókn. Á hinn bóginn er þar einnig tekið fram að handhafa bréfsins sé heimilt að höfða mál fyrir öðrum dómstólum en enskum, kjósi hann það.

Ákvæði 2. liðar 15. gr. téðra útgáfuskilmála tekur ekki, samkvæmt orðum sínum, til dómsmála sem útgefandi skuldabréfs kann að höfða gegn handhafa þess. Því síður er þar fjallað um riftunarmál sem þrotabú eða slitastjórn kann að höfða til endurheimtu greiðslu sem innt hefur verið af hendi til handhafa skuldabréfs eða annarra sem leiða rétt sinn frá honum. Ákvæðið felur þannig fyrst og fremst í sér það réttarfarshagræði til handa handhafa skuldabréfs að eiga þess kost að höfða mál fyrir enskum dómstólum án þess að þar sé tekin sérstök afstaða til dómsmála sem

útgefandi bréfsins kann að höfða eða slitastjórn fjármálafyrirækis. Verður því ekki á það fallist að með 1. gr. laga nr. 146/2011 hafi verið raskað heimildum varastefnda samkvæmt 15. gr. umræddra útgáfuskilmála.

B

Að mati dómara geta aðilar varanlegs réttarsambands ekki átt lögmetar væntingar til þess að réttarforsreglur, þ.á m. varnarþingsreglur, haldist óbreyttar frá stofnun réttarsambands allt til loka þess. Væri slík niðurstaða í berlegri andstöðu við almennar heimildir löggjafans til lagasetningar samkvæmt 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Þótt ákvæði stjórnarskrár, svo og mannréttindasáttmála, setji heimildum löggjafans skorður við setningu nýrra réttarforsreglna um dómsmál sem þegar hafa verið höfðuð, er á það að líta að að mál þetta er höfðað eftir að lög nr. 146/2011 tóku gildi. Var því ekki um það að ræða að lögin röskuðu meðferð mála sem þegar höfðu verið höfðuð við gildistöku þeirra. Enn fremur ber að horfa til þess að téð ákvæði 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 er í samræmi við þá meginreglu, sem birtist í 1. mgr. 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana, að fjármálafyrirtæki skuli slitið í samræmi við lög, reglur og málsmeðferð heimaríkis. Jafnvel þótt vafi kunni að hafa leikið um heimildir stefnanda til að höfða mál fyrir íslenskum dómstólum fyrir gildistöku 1. gr. laga nr. 146/2011 verður þannig ekki á það fallist að reglan sé óhæfilega íþyngjandi gagnvart varastefnda eða mismuni honum með ólögmetum hætti.

Samkvæmt þessu verður ekki fallist á málsástæður varastefnda þess efnis að ákvæði 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 sé andstætt stjórnarskrá og að vettugi virðandi. Verður málinu því ekki vísað frá dómi gagnvart varastefnda með vísan til þess að það sé höfðað á röngu varnarþingi eða sé utan lögsögu íslenskra dómstóla.

Óumdeilt er að mál þetta var höfðað gegn varastefnda innan 30 mánuða frá lokum kröfulýsingarfrests 30. október 2009, en með vísan til ítrekaðra fordæma Hæstaréttar verður ekki á það fallist að lenging á málshöfðunarfresti samkvæmt 1. gr. laga nr. 146/2011 hafi verið andstæð stjórnlögum eða sé að vettugi virðandi af öðrum ástæðum. Verður því ekki fallist á kröfu varastefnda um frávísun málsins af þeim sökum að það sé höfðað eftir að málshöfðunarfresti lauk.

B

Samkvæmt framangreindu verður málinu vísað frá dómi gagnvart aðalstefnda. Kröfu varastefnda um frávísun er hins vegar hafnað, en ekki verður talið að slíkir annmarkar séu á reifun málsins af hálfu stefnanda að varði sjálfkrafa frávísun þess. Eftir þessum úrslitum verður stefnandi dæmdur til að greiða aðalstefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 500.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Úrlausn um málskostnað gagnvart varastefnda býður efnisdóms í málinu.

Af hálfu aðalstefnda flutti máli Kári Hólmar Ragnarsson hdl.

Af hálfu varastefnda flutti málið Atli Björn Þorbjörnsson hdl.

Af hálfu stefnanda flutti málið Jóhannes Sigurðsson hdl.

Skúli Magnússon héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

### **Úrskurðarorð**

Málinu er vísað frá dómi gagnvart aðalstefnda, TASS Wertpapierhandelsbank GmbH.

Kröfu varastefnda, Kreissparkasse Köln, um frávísun málsins er hafnað.

Stefnandi, LBI hf., greiði aðalstefnda 500.000 krónur í málskostnað.

Skúli Magnússon